

**Mál nr. 306/2018****M og  
vátryggingafélagið V vegna málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um túlkun undanþáguákvæðis vátryggingarskilmála vegna ágreinings í dómsmáli sem varðar starfslok starfsmanns fyrirtækis sem tengist M.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 10.10.2018, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 19.10.2018, ásamt fskj. nr. 5 og 9 í dómsmáli því sem er undirliggjandi í máli M.

**Málsatvik.**

M er einn af nokkrum stefndu í dómsmáli sem fyrrverandi samstarfsmaður hans (stefnandi) hefur höfðað gegn fyrirtæki sem hann átti í og vann hjá sem og eigendum þess fyrirtækis. Ágreiningur í því dómsmáli varðar starfslok stefnanda og er M stefnt í málinu vegna stöðu sinnar sem eigandi fyrirtækisins sem stefnandi vann hjá og var jafnframt sameigandi M í. Eins og kemur fram í málskoti er gerð fjárfraða á hendur M ásamt öðrum stefndu í dómsmálinu og varðar það ágreiningur um brottvikningu stefnanda úr starfi sem leiddi einnig m.a. til þess að hann gat ekki lengur átt hlut í fyrirtækinu.

M telur að ágreiningur í dómsmáli þessu sé þess eðlis að hann falli undir gildisvið málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar sinnar hjá V. M telur að ágreiningurinn varði ekki atvinnu hans heldur sé tilkominn þannig „að gerð sé krafa á hendur honum um greiðslu skaðabóta“ og sú krafa beinist að M sem eiganda fyrirtækis en ekki sem starfsmanni þess og sé því ekki í tengslum við atvinnu hans.

V telur að undanþáguákvæði í gr. 54.3 í vátryggingarskilmálum fjölskyldutryggingar eigi við um aðstæður M en þar komi fram að málskostnaðartryggingartrygging bæti ekki málskostnað vegna ágreiningsmála sem eru í tengslum við atvinnu eða embætti vátryggðs. V vísar til þess að þó ágreiningur varði ekki störf M sem starfsmanns fyrirtækisins heldur varði hann ákvarðanir sem M kemur að sem einn af eigendum þess fyrirtækis sem stefnt er varði ágreiningurinn samt sem áður atvinnu hans í skilningi undanþáguákvæðisins.

**Álit.**

Ágreiningur M og V snýst um túlkun á undanþáguákvæði í vátryggingarskilmálum sem segir að vátryggingin bæti ekki málskostnað vegna ágreinings sem er í tengslum við atvinnu vátryggðs. Þegar málsatvik á bak við ágreining þann sem leiddi til þess að M er einn af stefndu í máli sem fyrrverandi samstarfsmaður og sameigandi hans höfðaði eru virt verður að líta til þeirra gagna sem liggja fyrir um skilyrði þau sem eigendur fyrirtækisins verða að uppfylla. Bæði í stofnsamningi fyrirtækisins (4.gr.) og samkomulagi sem honum fylgir er gert ráð fyrir því að eigendur geti einungis verið þeir sem eru starfsmenn fyrirtækisins. Er aðild M að dómsmáli því sem höfðað hefur verið gegn honum því í ótvíræðum tengslum við atvinnu hans í skilningi undanþáguákvæðis 54.3 í vátryggingarskilmálum V. M á því ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum vegna málskostnaðar úr fjölskyldutryggingu hjá V.

Reykjavík, 13. nóvember 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon lögfr.